



Reykjanesbær

Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS





Lög um breytingar á barnaverndarlögum

- Voru samþykkt á Alþingi 13. júní s.l.
- Gildistaka laganna er **1. janúar 2022** en tiltekin ákvæði koma þó ekki til framkvæmda fyrr en **28. maí 2022**.
- Fyrri áfangi heildarendurskoðunar
 - Breytingarnar sem þegar hafa verið samþykktar snúa einkum að stjórnslu barnaverndar innan sveitarfélaga, nýjum stofnunum ríkisins og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
 - Þá voru gerðar breytingar sem snúa m.a. að þáttöku barna við ákvarðanatöku, stafrænum lausnum, úrræðum vegna ófæddra barna o.fl.



Breytt skipan, sveitarfélög/ríki

- Barnaverndarnefndir lagðar af.
 - Við taka *barnaverndarþjónusta* og *umdæmisráð barnaverndar*.
- Barnaverndarumdæmi stækkuð.
- Nýjar ríkisstofnanir:
 - Barnaverndarstofa lögð niður, við taka:
 - *Barna- og fjölskyldustofa*
 - Veitir og styður við þjónustu í þágu barna, þ.m.t. stuðningur við verkefni barnaverndar og samþættingar, verkfærakista o.fl.
 - *Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála*
 - Hefur eftirlit með gæðum þjónustu, getur gert kröfu um úrbætur og beitt viðurlögum. Veitir rekstrarleyfi til einkaaðila o.fl.



Barnavernd á vettvangi sveitarfélaga

Barnaverndarþjónusta

- Ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum samkvæmt barnaverndarlögum sem ekki eru sérstaklega falin öðrum.
 - Sveitastjórn setur samþykkt þar sem vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. lögnum er falið einum eða fleiri úr hópi starfsfólks barnaverndarþjónustu.
- Í það minnsta 6.000 íbúar að baki hverri barnaverndarþjónustu en heimilt að veita undanþágu.
- Samvinna samkvæmt sveitastjórnarlögum.
- Skal hafa yfir að ráða nægri fagþekkingu til að geta sinnt verkefnum.
- Sveitastjórn eða fastanefnd fer með stefnumótun, fjárhag o.fl. en getur ekki gefið barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð mála.
- Barnaverndarþjónustur taka til starfa þann **28. maí 2022**.
 - Á tímabilinu **1. janúar til 28. maí 2022** fara barnaverndarnefndir áfram með verkefni barnaverndarþjónustu sveitarfélaga og umdæmisráða barnaverndar.



Barnavernd á vettvangi sveitarfélaga

Umdæmisráð barnaverndar

- Umdæmisráð eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnslu sveitarfélaga.
- Úrskurða um tilteknar íþyngjandi ákvarðanir sem barnaverndarþjónusta tekur.
- Í það minnsta 6.000 íbúar að baki hverju umdæmisráði barnaverndar.
- Samvinna samkvæmt sérstökum samstarfssamningum.
 - Sérstakur samningur sem sveitarfélög gera sín á milli sem lýtur ekki almennum reglum sveitarstjórnarlaga um samstarf sveitarfélaga.
- Sveitastjórn ber ábyrgð á að skipa umdæmisráð til fimm ára í senn.
- Félagsráðgjafi, lögfræðingur (formaður) og sálfræðingur.
 - Þurfa ekki að vera með lögheimili í sveitarfélaginu.
 - Mega ekki vera starfsmenn viðkomandi barnaverndarþjónustu.
 - Ráðsmenn þurfa að hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í barnavernd.
 - Sömu einstaklingar geta setið í mörgum umdæmisráðum.



Verkefni umdæmisráðs barnaverndar

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
3. Veitir barnaverndarþjónustu heimild til þess að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að 12 mánuði, sbr. 28. gr.
4. Veitir barnaverndarþjónustu heimild til þess að gera kröfu um forsjársviptingu fyrir dómi, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Barnaverndarstofa tekur saman upplýsingar frá sveitarfélögum um fjölda úrskurða sem kveðnir eru upp skv. 26., 27. og 28. gr. barnaverndarlaga.

Úrskurðir 26,27 og 28. gr			
	2018	2019	2020
Reykjavík	34/68	37/74	35/70
Kraginn	20/40	19/38	23/46
Landsbyggðin	15/30	12/24	23/46



Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna

- Ný farsældarlög taka gildi **1. janúar 2022**.
- Farsældarþjónusta er skilgreind með víðtækum hætti og tekur til allra kerfa sem veita börnum þjónustu, þ.m.t. barnaverndarkerfisins.
- Tengiliðir, málastjórar, stuðningsteymi og stuðningsáætlanir.
- Sérákvæði um málastjórn þegar kemur að barnaverndarmálum.
- Heimild umdæmisráðs barnaverndar til að úrskurða um að sambættingu verði komið á.



Þátttaka barna

- Réttur barna til þátttöku ein af meginreglum barnaverndarstarfs.
- Réttur barna til að fá upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt, t.a.m. í barnvænu umhverfi.
- Aukin aðkoma barna að málum, t.a.m. hægt að grípa til tiltekinna stuðningsúrræða eingöngu með samþykki barns sem er orðið 15 ára.



Aðrar breytingar

- Barnaverndarþjónustu og umdæmisráði barnaverndar verður skylt að vinna gögn sem tengjast barnaverndarmálum í miðlægum gagnagrunni og stafrænum lausnum Barna- og fjölskyldustofu.
- Fjallað með ítarlegri hætti um skráningu mála, varðveislu upplýsinga og stafræna vinnslu.
- Breytingar sem skýra réttarstöðu í tengslum við úrræði vegna ófæddra barna.
- Einföldun málsmeðferðar tiltekinna ráðstafana, málum vegna brottvikningar heimilismanns og nálgunarbanns, t.a.m. fari það ávallt beint í farveg hjá lögreglu.
- Breytingar á framsetningu kærueimilda.



Næstu skref

- Síðari hluti heildarendurskoðunar barnaverndarlaga.
- Endurskoðun reglugerða.
- Innleiðing breytinga.

Takk fyrir

